

Langanesbyggð
Gunnólfur Lárusson,
sveitarstjóri
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. júní 2012
Tilvísun: UST20120600152/ksj

Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007 - 2027. Tillaga. Umsögn

Langanesbyggð hefur auglýst tillögu að aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007 – 2027 og óskar eftir athugasemdum og ábendingum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007 – 2027:

Umhverfisstefna

Í stefnumörkun kemur fram að: *"Stuðla skal að sjálfbærri þróun í sveitarfélaginu og komið við aukinni umhverfisfræðslu til íbúa. Hvatt verði til meðvitaðrar umgengni við náttúruna og sjálfbærni og nýtingu auðlinda."* Einnig kemur fram í inngangi greinargerðar að markmið skipulagstillögunnar eru m.a. *"Gæði náttúrunnar og sérkenni landslags verði markaðssett til að örva ferðaþjónustu."* Einnig segir í umhverfisskýrslu er fylgir skipulagstillögunni að: *"Stóriðja, þjónustuhafnir og almennt aukin hafnsækin starfsemi eru helstu sóknarfæri Langanesbyggðar."* Áfram segir í stefnumörkun: *"Svo stórar framkvæmdir sem um er rætt munu þó ótvírætt hafa varanleg, óafturkræf, neikvæð umhverfisáhrif á náttúrufar."* Að mati Umhverfisstofnunar stangast ofangreind markmið hver á önnur.

Náttúrufar

Í umfjöllun um náttúrufar í Langanesbyggð kemur fram að: *„Gert er ráð fyrir 100 m meðfram ám, vötnum og sjó þar sem engin önnur mannvirki en til útivistar eru leyfð."* Að mati Umhverfisstofnunar er þessi stefnumörkun til fyrirmyndar en bendir um leið á að skv. gr. 4.15 *Vötn ár og sjór í skipulagsreglugerð nr. 400/1998* er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum nær ám, sjó og vötnum en 50 m og á það við allar framkvæmdir líka mannvirki til útivistar.

Náttúruminjar

Í aðalskipulagstillögunni kemur fram að innan Langanesbyggðar eru fjögur svæði sem eru á náttúruminjakrá, en þau eru: Nr. 541, *Syðralón við Þórshöfn*. Vatnið allt ásamt ósi. Fjölbreytt fuglalíf. Nr. 542, *Sauðaneslón á Langanesi*. Vatnið allt ásamt ósi. Strandlengja

frá Litlanesi að Lambanesi. Mjög auðugt fuglalíf. Nr. 543, *Langanes utan Heiðarfjalls*. Fjölbreytt gróðurfar. Mikil fuglabjörg. Nr. 601, *Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall*, Jörðin Gunnólfsvík. Mjög athyglisvert gróðurfar.

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að áætlað er að fara með iðnaðarsvæði inn á svæði nr. 601 í náttúruminjaskrá, *Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall*.

Langanesbyggð stefnir að uppbyggingu iðnaðarsvæðis í tengslum við olíu- og gasvinnslu á Drekasvæði. Ofangreind uppbygging er áætluð í Gunnólfsvík við Finna fjörð sem er svæði á náttúruminjaskrá og er númer 601 í skránni: „*Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall, Skeggjastaðahreppi, N-Múlasýslu. Jörðin Gunnólfsvík. Mjög athyglisvert gróðurfar.*“ Eins og fram kemur í greinargerð, eru svæði á náttúruminjaskrá, svæði sem vert er að friðlýsa í framtíðinni. Einnig kemur fram í greinargerðinni í umfjöllun um umhverfisstefnu aðalskipulagstillögunnar að: „*Stuðla skal að sjálfbærri þróun í sveitarfélaginu og komið við aukinni umhverfisfræðslu til íbúa. Hvatt verður til meðvitaðrar umgengni við náttúruna og sjálfbærni í nýtingu auðlinda.*“ Að mati Umhverfisstofnunar er þarna ósamræmi milli umhverfisstefnu og þess að stefna að uppbyggingu olíuiðnaðarhafnar á svæði á náttúruminjaskrá. Einnig er skipulagsstefnan um Gunnólfsvík í ósamræmi við stefnumið varðandi verndarsvæði og minjar, en þar segir: „*Að leggja áherslu á verndun menningar- og náttúruminja auk sérkenna sveitarfélagsins en það er liður í varðveislu á sýnilegri sögu þess.*“ Í greinargerð kemur fram að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur gert grein fyrir þeim sjaldgæfu plöntum sem finna má í Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjalli, en þar á meðal eru fjallkrækill sem er á válista, skógfjóra og lyngjafni sem eru sjaldgæfar tegundir á landsvísu. Að mati Umhverfisstofnunar ætti iðnaðarsvæði við Gunnólfsvík ekki að ná inn á svæði á náttúruminjaskrá.

Stórskipahöfn

Auk iðnaðarsvæðis í Gunnólfsvík er stefna Langanesbyggðar að byggja upp stórskipahöfn í Finnafirði við Gunnólfsvík. Í umfjöllun um Finna fjörð sem framtíðarstórskipahöfn eru sýnd kort 12 og 14, yfir Finna fjörð og aðliggjandi svæði.

Umhverfisstofnun tekur undir það að áætluð hafnaruppbygging í Gunnólfsvík er framkvæmd sem er ávallt háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, 1. viðauka. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að olíuhreinsistöð fellur undir sömu grein laga nr. 106/2000 um umhverfismat.

Landfyllingar

Framkvæmd við uppfyllingar við hafnarsvæðið á Þórshöfn sem áætlaðar eru u.þ.b. 9,8 ha, er framkvæmd sem er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sem framkvæmd er kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háð skuli mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, 2. viðauka. Umhverfisstofnun bendir á að slíkar framkvæmdir reu mikið inn grip í annars lítt snortið landslag.

Í Finnafirði er gert ráð fyrir miklum landfyllingum, en eins og segir í greinargerð er ekki hægt að áætla magn fyrr en hönnun liggur fyrir. Að mati Umhverfisstofnunar er umhugsunarvert að verið er að áætla miklar landfyllingar vegna iðnaðar- og hafnarsvæðis á landssvæði sem er í dag að mestu leyti ósnortið af manngerðum framkvæmdum og er að hluta til á

náttúruminjaskrá.

Landslag

Í umfjöllun um landslag kemur fram það stefnumið: "Að ný íbúðarsvæði, byggingar og önnur inngríp í landslagið s.s. skógrækt, falli að landslaginu þannig að landslagsheildir og svæði haldi sínum einkennum." Einnig kemur fram í umfjöllun um skógrækt að gerðir hafa verið skógræktarsamningar sem ná yfir á þriðja hundrað ha. Umhverfisstofnun tekur undir ofangreind markmið og bendir á að í 36. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd segir: "Ræktun. Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum."

Vegasamgöngur

Umhverfisstofnun fjallar einungis um tillögur að breytingu á vegakerfi sem eru innan sveitarfélagsins Langaneshreppur. Að mati Umhverfisstofnunar ætti endurbygging Brekknaheiðisvegur að vera eins mikið í núverandi vegstæði og kostur er. Ekki er fjallað nákvæmlega um vistkerfi þau er mögulega rýrast við gerð vegar yfir Brekknaheiði í nýrri veglínu eins og gert var í drögum er bærust stofnuninni árið 2010.

Í umfjöllun um endurbyggingu Brekknaheiðisvegur eru mögulegir valkostir ekki skoðaðir telur Umhverfisstofnun nánari umfjöllun um valkosti bíða þar til mat á umhverfisáhrifum veglagningarinnar fer fram, skv. 1. viðauka 10. lið ii laga nr 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fráveita

Í umfjöllun um skólp og fráveitu kemur fram að fráveitumál á Þórshöfn eru í góðu ástandi með samræmdri útrás. Einnig kemur fram að fráveitumál á Bakkafirði eru í vinnslu, þar er gert ráð fyrir nýjum fráveitustofni með útrás og nýrri hreinsi- og dælustöð út frá gömlu höfninni. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi tímasett áætlun um framkvæmdir endurbættrar fráveitu í aðalskipulagsáætluninni sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Efnistökusvæði

Í umfjöllun um efnistökusvæði kemur fram að margar námur eru í dreifbýli sveitarfélagsins og að flestar þeirra eru á vegum Vegagerðarinnar. Einnig kemur fram að ein náma er á Þórshöfn sem stendur til að loka og þrjár eru við Bakkafjörð. Í aðalskipulagstillögunni er listi yfir námur sveitarfélagsins og staðsetning þeirra er sýnd á korti. Að mati Umhverfisstofnunar þarf einnig að koma fram hve mikið er áætlað að taka af efni úr hverri þeirra á skipulagstímabilinu. Einnig þarf að koma fram hvaða námum á að ganga frá og loka á skipulagstímabilinu. Inni á svæði á náttúruminjaskrá **nr. 601, Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall**, er sýnt efnistökusvæði. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gera nánari grein fyrir efnistökusvæði á svæði á náttúruminjaskrá og færa rök fyrir því hvers vegna efnistaka er inni á náttúruminjaskrá. Í landnotkunartöflu bls. 176 í aðalskipulagstillögunni er listi yfir námur í sveitarfélaginu. Þar kemur fram að námur N1-N7 eru námur sem ekki eru nýttar lengur og að búið sé að ganga frá þeim. Að mati Umhverfisstofnunar á ekki að sýna

frágegnar námur sem efnistökusvæði í aðalskipulagstillögunni, í skipulagsáætlun skal eingöngu sýna svæði sem efnistökusvæði sem áætlað er að efni verði tekið úr á skipulagstímabilinu. Á ofangreindum lista yfir efnistökusvæði kemur fram flatarmál flestra efnistökusvæðanna. Að mati Umhverfisstofnunar ætti einnig að sýna í töflunni það magn sem áætlað er að taka úr hverri námu á skipulagstímabilinu.

Í umhverfisskýrslu er umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum stærstu efnistökusvæða vísað til framkvæmdamats. Ekkert kemur fram um áætlaða efnistöku. Umhverfisstofnunar vísar því umfjöllun um efnistöku úr setnámu við Gunnólfsvík, grjótnámu við Þórshöfn og efnistöku úr Hálsnámu til umhverfismats efnistökusvæðanna þegar að þeim kemur.

Varðandi umhverfismat stefnumiða um efnistökusvæði og tillögur að mótvægisáðgerðum vill Umhverfisstofnun benda á ritið "*Námur Efnistaka og frágangur*" sem gefið var út af Umhverfisráðuneyti, Umhverfisstofnun og fleiri aðilum.


Niðurstaða


Í umfjöllun um áhrif skipulagstillögunnar á náttúru er einungis í niðurstöðum sagt að jákvæð áhrif verði á flokkinn náttúrufar með stefnu skipulagsins um verndarsvæði og minjar. Ekkert kemur fram um áhrif á náttúrufar af völdum uppbyggingar í Finnafirði eða áhrif á svæði nr. 601 á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar skortir slíka umfjöllun í kafla 3.1.

Að mati Umhverfisstofnunar er niðurstaða umhverfismatsins í ósamræmi við umfjöllun umhverfisskýrslunnar. Umhverfisstofnun telur að umhverfisáhrif þeirra áætlana er lýst er í kosti 3 og kosti 4 verði óafturkræf og verulega neikvæð á náttúrufar, jafnvel umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif enda er í kostum 3 og 4 gert ráð fyrir að mörg hundruð hektarar landsvæðis fari undir svæði með mengandi iðnaði og hafnargerð sem mun gjörbylta landslagi og lífríki svæðisins.

Einnig vill stofnunin benda á að umfjöllun skortir um áhrif áætlaðra framkvæmda á þætti eins og ferðamannaíðnað sem nú er í örum vexti hér á landi. Ofangreindar framkvæmdir eru m.a. áætlaðar að hluta til innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá og að mestu leyti innan svæða sem eru ósnortin. Að mati Umhverfisstofnunar eru umhverfisáhrif slíkra framkvæmda líkleg til að verða umtalsverð.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun